

Hæfnikröfur iðnmeistara bygginga- og mannvirkjagreina

Bygginga- og mannvirkjagreinar eru blikksmíði, húsasmíði, húsgagnasmíði, múraraiðn, málaraiðn, pípulögnum og veggfóðrun.

Starfslýsing

Iðnmeistari hefur menntun og réttindi til að sinna atvinnurekstri í viðkomandi löggiltri bygginga- og mannvirkjagrein. Hann tekur að sér verkefni, hefur fólk í vinnu, tekur iðnnema á námssamning og sinnir verklegri starfsþjálfun þeirra til sveinsprófs. Starf iðnmeistara við bygginga- og mannvirkjaframkvæmdir byggir á faglegrri þekkingu hans og grundvallast á m.a. Iðnaðarlögum, lögum um mannvirki og byggingarreglugerð hverju sinni.¹

Iðnmeistari bygginga- og mannvirkjagreina:

- Stofnar og mótar fyrirtæki í eigin rekstri og reiknar rekstrarforsendur. Þekkir samhengið á milli stefnu eigenda og stjórnenda og daglegra aðgerða og athafna. Leggur grunn að gæðahandbók og þekkir gagnsemi gæðakerfa við dagleg störf. Notar gæðastjórnun við úrlausn vandamála og verkefna.
- Þekkir vel hugmyndafræði gæðastýringar og notar verkþáttarýni og uppsetningu gæðastýringaráætlunar og úrvinnslu á gögnum henni tengdri.
- Setur upp fjárhags- og rekstraráætlanir, metur ársreikninga og kallar fram helstu kennitölur til frekari úrlausnar. Þekkir alla þætti í daglegum rekstri og skrifstofuhaldi fyrirtækja. Byggir upp, rekur og vinnur úr gögnum í verkbókhaldi. Þekkir þær tryggingar sem hann þarf vegna starfsemi sinnar.
- Þekkir vel til markaðsmála og reiknar út tilboð á forsendum eigin rekstrar. Hefur vald á tilboðs- og samningagerð og tengingu þess við gæðastýringaráætlun.
- Gerir innkaupaáætlun út frá skipulögðu lagerhaldi og setur fram kröfulýsingar um hráefni og íhluti í eigin iðngrein, gerir samninga við aðal- og undirverktaka og birgja og tengir innkaupaáætlun við verkáætlun. Stjórnar og stendur fyrir opnun tilboða.
- Fer eftir kröfum um öryggis-, heilbrigðis- og umhverfismál í sinni iðngrein og hefur fengið þjálfun í greiningu, mati og gerð áætlunar til úrbóta.
- Sinnir verkstjórn, daglegri umsjón verka og skipulagi vinnusvæða í sinni iðngrein. Hefur vald á samskiptum og miðlun upplýsinga á vinnustað.
- Þekkir áfangauttektir og uppfyllir kröfur sem opinberir aðilar gera til hans.

¹ Til að geta hafið nám í meistarskóla skulu sveinar í bygginga- og mannvirkjagreinum hafa starfað hjá meistara í 12 mánuði.

- Þekkir eðlis- og efnafræðilega eiginleika efna sem notuð eru við mannvirkjagerð og forsendur útreikninga á ýmsum þáttum, s.s. er varðar burðarþolsfræði, hitabreytingar, eigin þyngd, notaálag og náttúruöfl.²
- Skipuleggur nám iðnnema og beitir í því sambandi viðeigandi kennslufræði, bæði við þjálfun og skipulag náms. Metur hæfni eigin starfsmanna og útbýr endurmenntunar-áætlun út frá því.

Viðbótarhæfnikröfur fyrir byggingastjóra í blikksmíði, húsasmíði, múraraiðn og pípulögnum:

- Útbýr gæðakerfi og metur samhengið á milli gæðastjórnunar og þeirra krafna sem hann þarf að uppfylla gagnvart verkkaupa og gera til birgja við stjórnun verka.
- Byggir upp, rekur og vinnur úr gögnum í verkþókhaldi, stjórnar fundum og vinnur úr gögnum frá rýnisfundum. Þekkir greiðslu- og byggingastjóratryggingar, verkábyrgðir og geymslufé og aðrar þær tryggingar sem hann þarf vegna starfsemi sinnar.
- Býr yfir traustri þekkingu á gæðatryggingu opinberra verkkaupa, þekkir kröfur og skyldur byggingastjóra gagnvart verkkaupa og þekkir vel til markaðsmála.
- Undirbýr og skipuleggur verk og sér um skipulagningu, uppsetningu og úrvinnu gæðastýringaráætlunar.
- Hefur vald á tilboðs og samningagerð og tengingu hennar við gæðastýringaráætlun. Gerir verksamninga við iðnmeistara og birgja.
- Skipuleggur og hagnar stóra vinnustaði og sér um samræmingu á vinnu verktaka út frá áætlunum og viðbrögðum við frábrigðum. Getur gert byggingahandbók.
- Þekkir áfanga- og lokaúttektir og uppfyllir kröfur sem opinberir aðilar gera til hans. Þekkir uppgjör og gerð mannvirkjaskýrslna.
- Fer yfir hönnunargögn með hönnuðum og iðnmeisturum mannvirkis og kemur auga á mistök við hönnun. Velur byggingarefni og rökstyður val sitt við hönnuði og mismunandi iðnmeistara.

² Á ekki við um húsgagnasmíði og húsgagnabólstrun.